

## Breytingartillaga

við frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2023.

Frá 1. minni hluta fjárlaganefndar (KFrost).

Breytingar á sundurliðun 1:

- Liðurinn 111.1.0 Tekjuskattur einstaklinga og staðgreiðsla hækki um 4.000,0 m.kr.
- Liðurinn 111.3 Fjármagnstekjuskattur hækki um 5.000,0 m.kr.
- Liðurinn 114 Skattar á vöru og þjónustu lækki um 4.000,0 m.kr.
- Liðurinn 116.1.6 Gjald á bankastarfsemi hækki um 4.000,0 m.kr.
- Liðurinn 141.5.20 Veidigjald fyrir veiðiheimildir hækki um 4.000,0 m.kr.

Breytingar á sundurliðun 2:

### 29 Fjölskyldumál

#### 6. Við 29.10 Barnabætur

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                          |          |         |          |
|--------------------------|----------|---------|----------|
| a. Rekstrartilfærslur    | 13.965,0 | 3.000,0 | 16.965,0 |
| b. Framlag úr ríkissjóði | 13.965,0 | 3.000,0 | 16.965,0 |

### 31 Húsnæðis- og skipulagsmál

#### 7. Við 31.10 Húsnæðismál

09 Fjármála- og efnahagsráðuneyti

|                          |          |         |          |
|--------------------------|----------|---------|----------|
| a. Rekstrartilfærslur    | 2.200,0  | 1.000,0 | 3.200,0  |
| b. Framlag úr ríkissjóði | 2.200,0  | 1.000,0 | 3.200,0  |
| 10 Innviðaráðuneyti      |          |         |          |
| c. Rekstrartilfærslur    | 8.458,6  | 1.000,0 | 9.458,6  |
| d. Fjármagnstílfærslur   | 1.736,4  | 4.000,0 | 5.736,4  |
| e. Framlag úr ríkissjóði | 12.373,8 | 5.000,0 | 17.373,8 |

### Greinargerð.

Í 1. tölul. er gerð tillaga um 4.000 millj. kr. hækkun skatta af launatekjum með því að koma í veg fyrir að launatekjur séu ranglega skráðar sem fjármagnstekjur.

Í 2. tölul. er gerð tillaga um 5.000 millj. kr. hækkun fjármagnstekjuskatts.

Í 3. tölul. er gerð tillaga um að liðurinn 114 Skattar á vöru og þjónustu lækki um 4.000 millj. kr.

Í 4. tölul. er gerð tillaga um að liðurinn 116.1.6 Gjald á bankastarfsemi hækki um 4.000 millj. kr.

Í 5. tölul. er gerð tillaga um 4.000 millj. kr. hækkun veiðigjalda, m.a. með því að endurskoða frádráttarheimildir frá veiðigjaldsstofni og hækka prósentuna.

Í 6. tölul. er gerð tillaga um 3.000 millj. kr. hækkun barnabóta.

- Í a-lið 7. tölul. er gerð tillaga um 1.000 millj. kr. hækkun vaxtabóta.
- Í c-lið 7. tölul. er gerð tillaga um 1.000 millj. kr. hækkun húsnæðisbóta.
- Í d-lið 7. tölul. er gerð tillaga um 4.000 millj. kr. hækkun stofnframlaga.